

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7.maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-109/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. desember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 28. desember. Engin andsvör bárust. Hinn 20. desember barst kæruneftndinni hins vegar bréf frá þeim aðila er seldi nefndum seljanda bifreiðina. Með bréfi, dags. 3. janúar, var aðilum málsins gefinn kostur á að koma að athugasemdum við það bréf og frestur til þess til 17. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 5. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 31. október sl. hafi álitsbeiðandi farið og skoðað bifreiðina xx-000 í kjölfar þess að hafa séð hana auglýsta á söluefnum Z. Var bifreiðin af gerðinni Skoda Fabia, árgerð 2000, fyrst skráð hinn 21. júlí 2000. Var bifreiðin auglýst sem mjög vel útlítandi og í toppstandi, uppsett verð kr. 490.000 en þær upplýsingar gefnar að bifreiðin fengist á kr. 390.000. Skoðaði álitsbeiðandi bifreiðina á starfsstöð seljanda þar sem verið var að laga púst hennar. Segist álitsbeiðandi hafa reynsluekið bifreiðinni og hafi þá allt virst í lagi, utan þess að skrallhljóð heyrðist í henni. Spurði álitsbeiðandi starfsmann seljanda hvað gæti valdið hljóðinu og var honum sagt að það kæmi frá rafal bifreiðarinnar, en vélin væri hins vegar mjög góð. Segist álitsbeiðandi í kjölfarið hafa boðið kr. 350.000 fyrir bifreiðina og fengið bifreiðina afhenta samstundis, án þess að gengið væri frá kaupsamningi og afsali. Ók álitsbeiðandi bifreiðinni til síns heima og þegar þangað var komið spurði hann bifvélavirkja sem bjó í sama húsi hvort hann vissi hvaða hljóð kæmi frá bifreiðinni. Taldi bifvélavirkinn að hljóðið gæti hugsanlega komið frá tímakedju, en kostnaður við að lagfæra hana væri um kr. 70.000. Þegar starfsmaður seljanda kom að heimili álitsbeiðanda að kvöldi sama dags, nefndi hann að bifvélavirki hefði talið að tímakedja bifreiðarinnar væri að gefa sig. Taldi starfsmaður seljanda það af og frá en samþykkti þó að farið yrði með bifreiðina aftur á verkstæði seljanda til að láta kanna það frekar. Að því sögðu var gengið frá kaupsamningi og afsali. Hinn 3. nóvember segist álitsbeiðandi hafa farið með bifreiðina á umboðsverkstæði og beðið um að bifreiðin yrði skoðuð. Þar kom í ljós að skipta þurfti um tímakedju og heddpakkningu. Fór álitsbeiðandi næst á starfsstöð seljanda og sagði honum frá niðurstöðu umboðsverkstæðisins. Dró starfsmaður mjög í efa að framangreindir hlutir þörfuðust endurnýjunar og varð úr að bifreiðin var skilin eftir hjá seljanda hinn 4. nóvember m.a. til að laga vinstra frambretti bifreiðarinnar. Skoðaði starfsmaður seljanda bifreiðina og taldi ekkert vera að henni. Segist álitsbeiðandi í kjölfarið hafa ákveðið að reyna að selja bifreiðina á sama söluef og hann keypti hana á. Segist álitsbeiðandi hafa hringt í fyrri eiganda bifreiðarinnar til að kanna með aukalykla. Sá hafi tjáð honum að hann hefði selt

nefndum seljanda bifreiðina fyrir kr. 125.000 í slæmu ástandi og að seljandi ætti ekki endurkröfurétt á sig vegna bifreiðarinnar, en nefndur seljandi mun hafa sett sig í samband við fyrri eiganda vegna þess að soðið hafði á bifreiðinni. Segir álitsbeiðandi að fyrri eigandi hefði einnig staðfest við sig að heddpakkning bifreiðarinnar væri ónýtt. Segir álitsbeiðandi að þegar þetta hafi legið fyrir hafi hann ákveðið að taka bifreiðina af sölu síðan haft samband við seljanda og krafist þess að kaupunum yrði rift. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi ekki orðið við þeirri kröfu.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali, afrit af auglýsingu vegna bifreiðarinnar á bland.is, afrit úr ökutækjaskrá og afrit af greiðslukvittun úr heimabanka vegna kaupa á bifreiðinni, dags. 31. október sl.

IV

Bréf frá fyrrverandi eiganda bifreiðarinnar

Í bréfi frá fyrrverandi eiganda bifreiðarinnar xx-000, A, kemur fram að hann hafi keypt bifreiðina í mars 2012. Fljótlega eftir kaupin hafi stýrisdæla gefið sig. Segist fyrrverandi eigandi bifreiðarinnar hafa haldið henni eðlilega við, skipt um allt í bremsum og látið smyrja bifreiðina þrisvar á meðan hún var í hans umráðum. Snemma árs 2013 hafi vatnskassi bifreiðarinnar gefið sig og lét hann skipta um hann. S.l. sumar hafi bifreiðin byrjað að láta illa og í júní og júlí sauð reglulega á henni, auk þess sem hún brenndi mikilli olíu. Segir fyrrverandi eigandi að allt hafi bent til þess að heddpakkning væri farin. Segist hann því hafa ákveðið að selja bifreiðina fyrir lítið og keypti nefndur seljandi bifreiðina af honum í lok september fyrir kr. 125.000. Bauð nefndur seljandi að hann myndi, fyrir svo lága fjárhæð, lofa að hafa aldrei samband vegna galla á bifreiðinni. Segist fyrrverandi eigandi hafa tekið því tilboði, en þrátt fyrir það hafi nefndur seljandi þó hringt einu sinni til að láta við að það hefði soðið á bifreiðinni.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 31. október sl. fyrir kr. 350.000. Bifreiðin er árgerð 2000 og fyrsti skráningardagur hennar 21. júní 2000. Bifreiðin var því rúmlega 13 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 164.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali. Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið segir m.a. eftirfarandi: „Bíllinn er seldur í því ástandi sem hann er í. Seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara

telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Álitsbeiðandi hefur í máli þessu haldið þeirri málsástæðu á lofti að þar sem seljandi hafi vitað af, en leynt við kaupin, slæmu ástandi á heddpakkningu bifreiðarinnar og tímakedju sé álitsbeiðanda heimilt að rifta kaupunum á bifreiðinni. Í álitsbeiðni sem og upplýsingum sem bárust frá fyrri eiganda bifreiðarinnar og atvikum málsins eins og þeim er lýst þar, má vera ljóst að seljandi vissi af því að bifreiðin brenndi olfu, heddpakkning hennar væri líklega ónýtt og að skipta þyrfti um tímareim. Seljandi er verkstæði sem framkvæmdir viðgerðir á bifreiðum og má því ætla að starfsmönnum seljanda hafi verið vel ljóst hið bága ástand bifreiðarinnar. Að mati kærunevndarinnar var því bifreiðin haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna, þ.e. að seljandi hafi við kaupin vanrækt að gefa álitsbeiðanda upplýsingar um ástand vélar bifreiðarinnar, bæði hvað varðaði heddpakkningu og tímareim, sem seljandi hlaut að þekkja til og álitsbeiðandi mátti búast við að fá upplýsingar um við kaupin.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Sem fyrr segir hefur álitsbeiðandi gert þá kröfu að kaupunum verði rift skv. 32. gr. laganna. Í 31. gr. segir orðrétt: „ Í stað afsláttar skv. 31. gr. getur neytandi rift kaupum nema galli sé óverulegur.“ Að mati kærunevndarinnar er hér um veruleg vanefnd seljanda að ræða og er því álitsbeiðanda heimilt að rifta kaupunum. Í 50. gr. laganna er fjallað um afrakstur og vexti þegar greiðslu er skilað, þ.e. kaupum rift. Þar kemur fram að við riftun sé kaupanda skylt að færa seljanda þann afrakstur sem hann hefur haft af hlutum sem og að greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur haft af söluhlutum. Seljanda er síðan skylt að endurgreiða kaupverðið með vöxtum. Svo sem málum er hér háttað telur kærunevndin rétt að seljandi endurgreiði álitsbeiðanda kaupverð bifreiðarinnar xx-000 að fullu, þ.e. kr. 350.000. Óski seljandi þess, ber álitsbeiðanda einnig að skila honum bifreiðinni.

VI

Álitsorð

Fallist er á að álitsbeiðandi, X, megi rifta kaupum á bifreiðinni xx-000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir